



LÆSI ALLT LÍFIÐ



Læsisstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2019-2030

GUNNHILDUR LILJA GÍSLADÓTTIR
ÞÓRA JÓNA JÓNSDÓTTIR

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Grunnpættir læsis	4
Orðaforði	4
Hljóðkerfisvitund	5
Umskráning/lesfimi	5
Lesskilningur	5
Ritun	5
Allir gegna hlutverki	6
Hlutverk foreldra/forráðamanna í læsi.....	6
Hlutverk ungbarnaverndar	6
Hlutverk dagforeldra.....	6
Hlutverk nemenda	7
Hlutverk kennara.....	7
Hlutverk skólastjórnenda	7
Hlutverk fræðslufirvalda.....	7
Hlutverk nærsamfélags	7
Lestrarmenning	8
Læsi í leikskólum	9
Læsi í Grunnskólum	9
Íslenska sem annað tungumál	10
Íhlutun	11
Starfsþróun starfsfólks	12
Samstarf heimila og skóla	13
Læsi allt lífið	13
Heimildir og stuðningsrit	14



INNGANGUR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út Hvítbók um umbætur í menntun árið 2014. Þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður árið 2015 en með honum skuldbundu sveitarfélög sig til að setja sér markvissa lestrarstefnu. Haustið 2014 var lagt af stað með verkefnið *Leið til árangurs* í leik- og grunnskólum í Hornafirði sem hafði það að markmiði að stuðla að bættum árangri í íslensku og stærðfræði. Árið 2016 var lokið við gerð menntastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Lærum allt lífið. Hún var unnin í samráði við íbúa sveitarfélagsins, starfsfólk og stjórnendur skólanna, aðila atvinnulífsins og aðra hagsmunaaðila. Menntastefnan leggur áherslu á menntun alla ævi og að mynda samstæða heild í þeim tilgangi að tryggja samræmi og samhengi í menntun á milli allra skólastiga.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar en það felur í sér að geta talað, hlustað, lesið og ritað tungumál sitt ásamt því að geta lesið í umhverfið. Í frumbersku hefst þróun læsis sem heldur áfram allt lífið og góð færni í læsi er undirstaða alls náms og þess að einstaklingur geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Í Sveitarfélaginu Hornafirði er lögð áhersla á að allir einstaklingar hafi tækifæri til að ná tókum á þessari færni til að geta notað hana fyrir sjálfa sig í samskiptum og námi og þar með styrkt sjálfsmynd sína.

Grunnurinn að góðri færni í læsi er lagður á heimilinu, en læsi byggist á færni í móðurmálinu og því má segja að læsinnám hefjist strax á fyrstu ævimánuðum barnsins. Fjölskyldan leggur grunninn að málþroska barnsins og síðan bætast aðrir aðilar í samfélaginu við t.d. dagforeldrar, leikskóli og grunnskóli. Nauðsynlegt er að viðhalda og þróa lestrarfærni alla skólagönguna með það að leiðarljósi að einstaklingurinn upplifi ánægju af lestri. Takist að kveikja lestraráhuga er stuðlað að árangursríku og farsælu læsi allt lífið.

Í læsisstefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar er fjallað um megináherslur og markmið í læsi. Einnig eru sett fram viðmið um hvenær grípa þurfi til sérstakrar íhlutunar. Skólar sveitarfélagsins útfæra leiðir að markmiðunum með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum kennsluáðferðum. Mikil áhersla er á að heimilin taki virkan þátt í læsinnámi barna í samvinnu við skólana, með jákvæða skólaþróun og besta möglega námsárangur að leiðarljósi. Fagmenntað starfsfólk leik- og grunnskóla velur árangursríkar kennsluáðferðir sem stuðla að því að læsismarkmiðum verði náð.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er lögð rík áhersla á snemmtæka íhlutun með það að markmiði að draga úr sérkennsluþörf þegar lengra líður á skólagönguna. Snemmtæk íhlutun felur í sér mat á stöðu, greiningu, aðgerðaáætlun og íhlutun. Áframhaldandi mat í kjölfar íhlutunar til að fylgjast með framförum. Mat nýtist einnig til að finna þá sem verr standa að vígi þannig að hægt sé að skipuleggja inngrip sem hentar einstaklingnum.

Þegar börn flytjast frá leikskóla til grunnskóla fylgja upplýsingar um stöðu nemenda sem nýtast við skipulag á áframhaldandi námi. Grunnskóli skilar niðurstöðum til leikskóla úr læsissskimunum fyrsta bekkjar og þær eru nýttar við skipulag í leikskólanum. Við lok grunnskóla eru skil nauðsynlegra upplýsinga til Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu varðandi þá nemendur sem þangað sækja.

Læsisstefna sú er hér birtist tekur mið af lögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla ásamt 4. markmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, sem fjallar um að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.

Læsisstefnan *Læsi allt lífið* gildir til 2030 og skal vera lifandi skjal sem endurskoða þarf reglulega eða a.m.k. á þriggja ára fresti.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 19.júní 2019
Gunnhildur Lilja Gísladóttir
Þóra Jóna Jónsdóttir





GRUNNPÆTTIR LÆSIS

Samkvæmt hefðbundnum skilningi námssálarfræði er læsi skilgreint sem hugtak um hvernig við túlkum ritmál, lesum það, ritum og skiljum (Garton og Pratt, 1989). Lestur er flókin færni, margir samverkandi þættir þurfa að vera til staðar hjá einstaklingnum til að lestur geti átt sér stað. Þar fléttast saman þroski, reynsla og þekking, líkamlegt og andlegt atgervi í samspili við umhverfið (Cain, 2010).

Lestrarnám barnsins byrjar um leið og það fer að taka eftir máhljóðum tungumálsins, reyna að tjá sig og skilja talað mál. Málskilningur er mikilvægur undirstöðupáttur lesskilnings þar sem orðaforði vegur þyngst (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.). Auðugt málumhverfi skiptir því sköpum fyrir árangur í lestrarnámi og er það viðurkennt af flestum fræðimönnum (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

Málskilning hafa börn þróað með sér löngu áður en formlegt lestrarnám hefst en það hjálpar þeim að tileinka sér lestur og lesskilning. Færni í málskilningi er undirstaða fyrir þróun í lesskilningi en tryggir þó ekki árangur. Málskilningur á talmáli eða ritmáli er flókið ferli sem felur í sér marga ólíka vitsmunalega þætti (Cain & Oakhill, 2007).

Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna skilgreinir læsi sem lykil að lífsgæðum (UNESCO, e.d).

Málþekking er sá þáttur sem spáir langbest fyrir um hvernig börnum muni ganga í lestri við upphaf skólagöngu (NICHD, 2004) en strax á leikskólaaldri er mjög mikill einstaklingsmunur á málþekkingu barna og hversu hratt þau tileinka sér einstaka þætti tungumálsins (National Reading Panel, 2000; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Rannsóknir hafa sýnt að sá munur er líklegri til að aukast heldur en að minnka eftir því sem líður á námið (Freyja Birgisdóttir, 2010; Rannveig A. Jóhannsdóttir, 2016) og því er mikilvægt að finna fljótt þá nemendur með matstækjum sem byggja má ihlutun á.

Orðaforði

Orðaforði vísar til þess að einstaklingur hafi orð, hugtök, yfirhugtök og tengsl orða við flokkana, margræð orð, myndlíkingar o.fl. (Stuart og Steinthorp, 2016). Góður orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Orðaforði gegnir því ótvíræðu

hlutverki í mál- og læsisþróun barna (Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010).

Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er nauðsynleg undirstaða fyrir lestrarnám. Hún er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumálsins, hvernig hægt er að greina talmál niður í smærri hljóðeiningar og hvernig vinna má með einingarnar á mismunandi vegu. Góð hljóðkerfisvitund er ein besta forspá um síðari læsistileinkun (Catts og Kamhi, 2005). Einstaklingar með góða hljóðkerfisvitund læra fyrr og geta betur tengt hljóð og bókstaf en hinir sem hafa slakari hljóðkerfisvitund (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

Umskráning/lesfimi

Einfalda lestrarlíkanið (The simple view of reading) byggir á því að lestur feli í sér tvönn konar ferli, annars vegar umskráningu og hins vegar málskilning. Umskráningin felur í sér tæknilega hlið lestrar, það er að breyta bókstafnum í hljóð og tengja þau saman þannig að úr verði orð. Málskilningurinn hefur svo áhrif á hvort lesandinn skilji það sem hann les (Gough og Tunmer, 1986).

Lesskilningur

Lesskilningur byggir á því að lesandinn skilji innihald textans og nái tókum á ritmálinu til að afla sér upplýsinga, fræðast, eiga samskipti við aðra eða lesa sér til yndis og ánægju (Kamhi, 2014). Lesskilningur byggist á orðaforðabekkingu en einnig þekkingu á merkingu og setningafræði og málfræði móðurmálsins. Skilningur á texta byggist því bæði á færni í að skilja samhengi og reynir á þekkingu þess sem les (Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011). Lesskilningur felst líka í því að vita þegar maður skilur ekki. Þegar lesandi með góða lesfærni skilur ekki textann nýtir hann sér aðferðir til að hjálpa sér t.d. að lesa textann aftur eða að biðja um útskýringar (Stuart og Steinthorp, 2016). Lestraráhugahvöt og virk þátttaka eru einnig þættir sem hafa áhrif á lesskilning (Sigrún Jónatansdóttir o.fl., 2017).

Ritun

Það hefur gefið góða raun að kenna lestur í nánu samhengi við ritun og stafsetningu. Ritun leiðir til meiri lesturs, ýtir undir lesskilning og að nemendur tjái hann með eigin orðum (Lesvefurinn e.d.). Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að tjá sig um upplifun sína, hugmyndir og skoðanir. Ritun og miðlun er hluti af grunnþættinum læsi, tengist sterkt grunnþættinum sköpun og blasir einnig við í lykilhæfninni sem grunnskólanum ber að stefna að.



ALLIR GEGNA HLUTVERKI

Það þarf þorp til að ala upp barn. Þegar kemur að læsinnámi barna eru margir sem koma að því með beinum eða óbeinum hætti.

Hlutverk foreldra/forráðamanna í læsi

Foreldrar/forráðamenn eru fyrirmyndir barna sinna í framkomu, hegðun, samskiptum og tjáningu. Mikilvægt er að lesið sé fyrir börn og þau venjist því að hlusta á lesinn texta, orð séu útskýrð og spurðar spurningar út frá textanum, vegna þess að í bókum er notað fjölbreyttara málfar en í talmáli þannig byggja börn upp orðaforða sinn (Christophersen & Mortweet, 2004).

Mikilvægt er að:

- ✓ tala við barnið
- ✓ lesa með/fyrir barnið
- ✓ lesa fjölbreytt efni í mismunandi miðlum við ýmis tækifæri
- ✓ ræða og útskýra lesefni
- ✓ gera lestrarstundir skemmtilegar
- ✓ hvetja barnið til frásagnar
- ✓ hlusta á barnið, setja orð á alla hluti
- ✓ nota fjölbreyttan orðaforða
- ✓ nota málið í mismunandi samhengi

Í læsinnámi þarf að tryggja að börnin hafi gott aðgengi að lesefni og umhverfi þeirra sé lestrarhvetjandi. Foreldrar eru hvattir til að sækja námskeið til að auka öryggi og þekkingu sína varðandi upplíði barna.

Hlutverk ungbarnaverndar

Fylgst er með vitsmuna- og tilfinningaþroska ásamt félagslegum og líkamlegum þroska barna frá fyrstu æviðögum til skólaaldurs. Áhersla er lögð á stuðning við fjölskylduna og þannig stuðlað að því að börnum séu búin bestu mögulegu uppvaxtarskilyrði á hverjum tíma. Mikilvægt er að uppgötva sem fyrst frávik hvað heilsufar og þroska varðar og gera viðeigandi ráðstafanir. Með samþykki foreldra er haft samband við leikskóla ef þörf þykir.

Hlutverk dagforeldra

Dagforeldrar styðja við og efla málþroska barna. Sveitarfélagið býður dagforeldrum upp á námskeið til að auka öryggi og þekkingu þeirra varðandi upplíði barna.

Hlutverk nemenda

Hlutverk nemenda er að taka við þekkingu og nálgast viðfangsefni með jákvæðu hugarfari og nýta sér þekkingu sína með stuðningi og hvatningu foreldra/forráðamanna og kennara. Eftir því sem nemendur eldast bera þeir meiri ábyrgð á námi sínu.

Hlutverk kennara

Mikilvægt er að kennarar séu í góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn. Kennurum ber að mæta ólíkum þörfum nemenda, vekja og viðhalda áhuga þeirra og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Einnig tryggja að nemendur hafi aðgengi að fjölbreyttu og áhugaverðu námsefni. Kennarar þurfa að fylgjast vel með námi nemenda og grípa inn í með snemmtækri íhlutun ef þörf er á.

Hlutverk skólastjórnenda

Skólastjórnendum ber að skapa þannig umhverfi að allt sem þarf til þess að nám geti átt sér stað sé til staðar, þ.e. fjölbreytt námsefni, hæfir kennarar, stuðningur og góð aðstaða til náms. Hlutverk skólastjórnenda er einnig að marka stefnu í læsi og að starfsmenn skólans viðhaldi henni. Skólastjórnendur þurfa einnig að grípa inn í ef niðurstöður læsisprófana eru ekki viðunandi, greina vandann og finna lausnir í samstarfi við kennara.

Hlutverk fræðslufirvalda

Meginhlutverk fræðslu- og tómsbundanefndar er að móta stefnu í fræðslu-, íþróttu- og tómsbundamálum sveitarfélagsins og sjá um að öll börn í sveitarfélaginu njóti lögbodinnar fræðslu. Fræðslu- og tómsbundanefnd og fræðslustjóri hafa með höndum framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma um fræðslumál sveitarfélagsins. Sveitarfélagið þarf að hafa góða aðstöðu til náms og gott bókasafn sem hvetur fólk til læsis. Allir samfélagsþegnar þurfa að hafa gott aðgengi að lestrarefni, námsefni og upplýsingum. Sveitarfélagið býður foreldrum barna að sex ára aldri að sækja námskeið til að auka öryggi og þekkingu sína varðandi upplendi barna.

Sveitarfélagið stefnir að því að auka möguleika nemenda af erlendum uppruna á því að þróa virkt tví- eða fjöltyngi með því m.a. að bjóða þeim upp á kennslu í þeirra móðurmáli eftir því sem hægt er.

Sveitarfélagið styður við verkefni og starfsemi félagasamtaka og stofnana sem miða að því að efla íslenskukunnáttu íbúa af erlendum uppruna. Í því sambandi má t.d. nefna verkefni á vegum Rauða kross Íslands um stuðning við heimanám.

Hlutverk nærsamfélags


Nærsamfélagið býður upp á fjölbreytta kosti sem stuðla að auknu læsi. Virk og góð tengsl einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana stuðla að gagnkvæmri virðingu gagnvart þörfum og skyldum allra aðila.



LESTRARMENNING

Mikilvægt er að börn alist upp við það að lesið sé fyrir þau og að þau sjá fyrirmyndir sínar taka sér bók í hönd, jafnvel eftir að þau eru farin að lesa sjálf. Þannig hafa þau aðgang að fjölbreyttari orðaforða en kemur fyrir í talmáli. Mikilvægt er að samfélagið beri sameiginlega ábyrgð á að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar.

Íbúar sveitarfélagsins hafa aðgang að Menningarmiðstöð sem rekur bókasafn í Nýheimum og allir íbúar sveitarfélagsins fá bókasafnskort endurgjaldslaust. Menningarmiðstöðin er með lestrarátak á bókasafninu sem kallast sumarlestur, með því eru krakkar hvattir til þess að lesa yfir sumarmánuðina. Á bókasafninu er barnahorn fyrir yngstu kynslóðina og foreldrar eru hvattir til að koma með börnunum á bókasafnið. Skólar sveitarfélagsins fara margvíslegar leiðir til að skapa lestrarmenningu innan skólanna.



LÆSI Í LEIKSKÓLUM

Samkvæmt aðalnámskrá felur læsi í leikskóla í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Meðal annars með því að kynnast tungumálinu og eiginleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri, þróa læsi í víðum skilningi og öðlast skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu. Lögð er rík áhersla á gildi leiksins og mikilvægi þess að samþætta leikinn og grunnþætti menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Áherslur sveitarfélagsins eru að í leikskólum verði markvisst unnið að grunnþáttum læsis. Einnig er lögð áhersla á óhefðbundnar tjáningarleiðir s.s. tákni með tali samhliða tungumálinu til að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Fjölbreytt matstæki eru notuð markvisst í leikskólanum, til að meta stöðu barna í málþroska. Niðurstöður eru nýttar til að veita snemmtæka íhlutun.

http://www.sjonarholl.leikskolinn.is/sjonarholl/læsisstefna_leikskólans_sjonarholls_2019-2030.pdf

LÆSI Í GRUNNSKÓLUM

Við upphaf grunnskóla skal byggt ofan á þá færni sem nemendur búa yfir í grunnþáttum læsis. Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki, heldur lærd færni. Við upphaf skólagöngu eru einhverjir nemendur komnir af stað í lestrarnámi en aðrir að taka fyrstu skrefin. Það er ekki sjálfgefið að öll börn eigi auðvelt með að læra að lesa og skrifa, því er mikilvægt að vera sífellt á varðbergi og bregðast fljótt við ef erfiðleika verður vart. Leggja þarf áherslu á reglulegar skimanir til að finna sem allra fyrst þá nemendur sem þurfa á íhlutun að halda.

Beita skal gagnreyndum og fjölbreyttum kennsluaðferðum til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Nemendur skulu hafa aðgang að fjölbreyttu lesefni og fá ríkuleg tækifæri til ritunar í skólanum. Stefnt skal að því að efla lestraráhugahvöt nemenda á fjölbreyttan hátt.

<http://gs.hornafjordur.is/media/annad/Læsisstefna-GH-september-2018.pdf>



ÍSLENSKA SEM ANNAR TUNGUMÁL

Íbúar sveitarfélagsins er fjölbreyttur hópur. Hlutfall íbúa af erlendum uppruna fer hækkandi.

Í sveitarfélaginu er lögð áhersla á að börn og fullorðnir íbúar af erlendum uppruna nái sem fyrst tökum á íslensku tungumáli. Stefnt er að því að allar stofnanir sveitarfélagsins geri móttökuáætlanir til að tryggja sem árangursríkasta aðlögun einstaklinga af erlendum uppruna og allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnra tækifæra og séu virkir þátttakendur á flestum sviðum mannlífssins. Áhersla er á að auka þekkingu íbúa sveitarfélagsins á mismunandi menningarheimum. Mikilvægt er að börn í leik- og grunnskóla fái íslenskukennslu við hæfi. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að viðhalda móðurmálinu og með því stuðla að virku tvítyngi. Stefnt skal að því að tvítyngdir nemendur fái tækifæri til að rækta móðurmál sitt.

Til að mæta ofangreindum áherslum er mikilvægt að samstarf verði aukið við atvinnurekendur í sveitarfélaginu um íslenskukennslu og íbúar af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að íslenskunámi. Starfsmenn sveitarfélagsins af erlendum uppruna skulu eiga þess kost að sækja íslenskukennslu á vinnutíma. Sveitarfélagið stendur fyrir virkri tálkaþjónustu. Mikilvægt er að bókasafn sveitarfélagsins bjóði upp á fjölbreytt úrval bóka og tímarita fyrir íbúa af erlendum uppruna.

Þýða skal efni til foreldra frá skólum á móðurmál viðkomandi foreldra eftir föngum. Mikilvægt er að aðlaga skólastarf, kennslu og námsgögn að fjölmennningarlegum nemendahópum, auka orðaforðakennslu á öllum stigum og bjóða upp á móðurmálskennslu fyrir tvítyngda nemendur eftir umfangi.




ÍHLUTUN

Innan skólastiganna eru ábyrgðaraðilar stoðþjónustu sem sjá til þess að aðgerðaáætlun sé unnin, bera ábyrgð á að henni sé framfylgt og hún endurmetin. Lögð er áhersla á upplýsingaflæði milli leik- grunn- og framhaldsskóla um stöðu nemenda.

Lögð er áhersla á að beita snemmtækri íhlutun í leikskóla með áherslu á að vinna strax með barnið um leið og grunur er um frávik í málþroska og þáttum sem geta haft áhrif á eðlilega námsframvindu. Fjölbreytt matstæki eru notuð á öllum skólastigum til að greina stöðu nemenda, gera aðgerðaáætlun, veita íhlutun og endurmeta (sjá íhlutunarlíkan).

Mikilvægt er að veita lestrarstuðning allan grunnskólann fyrir nemendur sem þurfa á því að halda og kynna nemendum og foreldrum úrræði vegna lestrarerfiðleika. Gera skal einstaklingsáætlanir fyrir nemendur með frávik í málþroska og læsi sem og bráðgera nemendur.

Til að mæta sem best þörfum allra nemenda skal stuðla að fræðslu og starfsþróun um aðferðir fyrir nemendur með frávik í málþroska og læsi fyrir starfsfólk skólastiganna.



Íhlutunarlíkan



STARFSÞRÓUN STARFSFÓLKS

Grunnurinn að metnaðarfullu og faglegu skólastarfi er fólgin í áhugasömu og vel menntuðu starfsfólki. Til þess að starfsþróun sé markviss og árangursrík viðhalda starfsmenn þekkingu sinni og auka með reglulegri símenntun.

Áhersla er á faglega forystu stjórnenda. Í skólum sveitarfélagsins sé vel menntað og hæft fagfólk og lögð er áhersla á að fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Nægt svigrúm verði til samráðs í skólum vegna læsiskennslu og kennarar hafi aðgang að námskeiðum í læsisfræðum til að efla þá í starfi.

Sveitarfélagið skal móta sér aðgerðaráætlun sem miðar að því að halda og fjölga fagmenntuðu starfsfólki. Fagfólk skólastiganna er hvatt til símenntunar á sviði læsikennslu og skólastigin sækir sameiginleg námskeið þegar við á.

Á báðum skólastigum starfi virk læsiteymi sem hafa gott svigrúm til samstarfs og gerð áætlana vegna læsis.



SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Leik- og grunnskólar skulu eiga gott samstarf við heimili og stuðla að gagnkvæmu upplýsingastreymi varðandi nemendur og áherslur í námi. Upplýsingar og fróðleikur skulu sett á heimasíður skólanna.

Þeir bæklingar sem finna má undir krækjunum hér að neðan gefa foreldrum góð ráð um það hvernig þeir geta stutt við læsinnám barna sinna.

- ✓ Málþroski 0–3 ára
- ✓ Málþroski 3–6 ára
- ✓ Málskilningur yngsta stig grunnskóla
- ✓ Mál- og lesskilningur miðstig grunnskóla
- ✓ Bæklingar á erlendum málum
- ✓ Læsisáttmáli heimilis og skóla

Bæklingana um málþroska og mál- og lesskilning vann Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við borgaryfirvöld í Árósum. Þeir bæklingar hafa verið gefnir út á fjölda tungumála og má nálgast þýðingar þeirra undir krækjunni „Bæklingar á erlendum málum“.

Læsisáttmáli heimilis og skóla var gefinn út af *Heimili og skóla: Landssamtökum foreldra og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu* í tengslum við þjóðaráttak um læsi.

LÆSI ALLT LÍFIÐ

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er litið á læsi sem virkt ferli sem á sér stað allt lífið. Grunnurinn er lagður í barnæsku og skólastigin gegna stóru hlutverki á þeim árum. Eftir að skólagöngu líkur er það í höndum hvers einstaklings að byggja ofan á þann grunn en lögð er áhersla á að íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að fjölbreyttu lesefni þeim til ánægju og fræðslu. Þá er lögð áhersla á að lesið sé fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem ekki geta lesið sjálfir.



HEIMILDIR OG STUÐNINGSRIT

- Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þróun Hljóm - 2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Tímarit kennaraháskóla Íslands*.
- Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. Great Britain: Blackwell Publishing Ltd. Oxford: Blackwell Publishing.
- Cain, K., og Oakhill, J. (Ritstj.). (2007). *Children's Comprehension Problems in Oral and Written Language: A Cognitive Perspective. Challenges in Language and Literacy*. New York: Guilford Publications.
- Catts, H.W. og Kamhi, A.G. (2005). *Language and reading disabilities*. Boston: Pearson
- Christophersen, E. R., og Mortweet, S. L. (2004). *Uppeldisbókin*. (Gyða Haraldsdóttir og Matthías Kristiansen þýddu). Reykjavík: Skrudda.
- Freyja Birgisdóttir, (2010). Kennsla um orðhluta eykur orðskilning nemenda á yngsta stigi grunnskólans. *Uppeldi og menntun*, 19, bls. 33-50.
- Garton, A. og Pratt, C. (1989). *Learning to be literate: The development of spoken and written language*. Oxford: Blackwell.
- Gough, P. B., & Tunmer, W. E. (1986). *Decoding, reading, and reading disability*. RASE: Remedial and special education, 7(1), 6-10.
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). *Málþroski og læsi*. Sótt 10. desember 2018 af lesvefurinn.hi.is: http://lesvefurinn.hi.is/forsendur_lesturs
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

- Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011, 20. desember). *Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málþroska. Frá leikskólaaldri til fullorðinsára*. Sótt 7. desember 2018 af Vef tímarit um uppeldi og menntun: <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>
- Kamhi, A. G. (2014). Perspectives on assessing and improving reading comprehension. Í A. G. Kamhi og H. W. Catts (ritstjórar), *Language and reading disabilities* 3, 171-188.
- Lesvefurinn. Sótt 18.06.2019 af <http://lesvefurinn.hi.is/>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámsskrá leikskóla 2011*. Sótt 17. desember 2018 af stjórnarráðid.is: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- National Institute of Child Health and Human Development Early Child Care Research Network. (2004). *Multiple pathways to early academic achievement*. *Harvard Educational Review*, 74, 1-29.
- National reading panel. (2000). Sótt af <https://www1.nichd.nih.gov/publications/pubs/nrp/Documents/report.pdf>
- Rannveig A. Jóhannsdóttir. (2016). Byrjendur í lestri: Lestrarfærni fyrstu tvö árin í grunnskóla. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérítt 2016 – Um læsi*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Sigrún Jónatansdóttir, Kristján Ketill Stefánsson, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir (2017). *Má rekja mun á lesskilningi kynjanna til mismikillar þátttöku í skólustarfi?* Tímarit um uppeldi og menntun/Icelandic Journal of Education. 26(1-2), bls. 87-109.
- Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorraddóttir. (2010, 31. desember). *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt 8. desember 2018 af netla.hi.is: <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/028.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Þjóðarsáttmáli um læsi*. Sótt 10. desember 2018 af stjórnarráðid.is: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/thjodarsattmali-um-laesi/>
- Stuart M. og Steinthorpe R. (2016). *Reading Development and Teaching*. London: SAGE Publications Ltd.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. (2016). *Menntastefna 2016 - 2030. Sveitarfélagið Hornafjörður*. Sótt 2. desember 2018 af hornafjordur.is: http://www.hornafjordur.is/media/stefnur/Menntastefna_web.pdf
- Unesco. (e.d.). Literacy. Sótt af www.unesco.org/new/en/education/themes/education-building-blocks/literacy/

Læsi allt lífið - 2019

Sveitarfélagið Hornafjörður | Hafnarbraut 27 | Höfn | 780 Hornafjörður

